



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 7. maí 2025
Tilv. 2025-04-02-0333

Efni: Varðar umsagnarbeiðni vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði – mál nr. 0468/2025

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 2. apríl leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði. Málið er í kynningarferli og er nr. 468/2025. Fiskistofa bendir á að ábótavant er að fjallað sé um áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska og silunga en ljóst er að fiskar ganga í gegnum Hornafjarðarós upp í nærliggjandi ár og einnig til baka niður í sjó.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa nauðsynlegt að fjalla þurfi betur um ofangreind atriði svo unnt sé að veita efnislega umsögn í málinu.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs

Góðan dag,

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi umhverfis og skipulagsnefndar þann 07.05.2025

202504012 - Dýpkun á Grynnslnum - Umsögn, skipulagsgátt

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem myndast framan við sjávarfallaósa og eru mikill áhrifaþáttur í siglingum á svæðinu. Vegagerðin vinnur nú að langtímaáætlun sem felur í sér dýpkun með efnismagnið á bilinu 0 - 1.000.000 m³ á ári. Samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára.

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar um matsáætlun vegna dýpkunar Grynnslanna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fagnar því að áform séu um reglulega viðhaldsdýpkun og gerir ekki athugasemd við matsáætlunina.

Bestu kveðjur,



Bartek Andresson Kass

Mannvirkjasvið

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27, 780 Höfn, s: 470 8000 www.hornafjordur.is

hornafjörður
náttúrulega!

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 2.5.2025
MFRI: 2025-04-0182

Efni: Umsögn við matsáætlun vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. apríl 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsáætlun vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði, mál nr. 468/2025.

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun á siglingarleið um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem myndast framan við Hornafjarðarós og eru mikill áhrifaþáttur í siglingum á svæðinu. Í matsáætlun er gerð grein fyrir áætlun Vegagerðarinnar til 10 ára um dýpkun á Grynnslnum til að bæta aðstæður til siglinga. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér dýpkun og efnislosun um 0-1.000.000 m³ á ári, eða samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára. Dýpkunin fer fram á Grynnslnum sjálfum en fyrirhuguð losunarsvæði er 5 km frá Hornafjarðarósi. Hvort tveggja er utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga.

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar vill hún koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Umhverfisþættir – botndýralíf á losunarsvæði

Fram kemur í matsáætlun að í tengslum við matsskyldufyrirspurn hafi árið 2022 verið unnin úttekt á botndýralífi á og í grennd við fyrirhugað losunarsvæði. Ekki hafi verið talin þörf á sýnatöku á dýpkunarsvæði vegna stöðugra sandflutninga þar. Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér úttektina, sem unnin var af Náttúrustofu Suðausturlands, sjá Viðauka A við matsskyldufyrirspurn. Í úttektinni kemur fram að tegundagreining á burstaormum og marflóm sem fundust í sýnum sem tekin voru á losunarstað hafi ekki farið fram. Hafrannsóknastofnun telur að mat á botndýralífi hafi því ekki verið fullnægjandi eða í samræmi við lög um stjórn vatnamála (sbr. Sólveig R. Ólafsdóttir ofl., 2019¹).

Valkostir

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin verði borin saman við núllkost, þ.e. að hvorki yrði farið í dýpkun né losun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Hafrannsóknastofnun bendir á að eftirspurn eftir sandi og mól fer vaxandi og væri vert að kanna hvort nýta mætti efnið frekar en að varpa því í hafið. Þannig mætti komast hjá þeim áhrifum sem varp í hafið kann að hafa á losunarstað, t.d. á botndýralíf.

¹ Sólveig Rósa Ólafsdóttir, Agnes Eydal, Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Kristinn Guðmundsson og Karl Gunnarsson (2019). Gæðapættir og viðmiðunaraðstæður strandsjávarvatnshlota. Hafrannsóknastofnun, HV 2019-53.

Stjórn vatnamála

Hafrannsóknastofnun bendir á að meta þarf sérstaklega áhrif framkvæmda á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Umhverfis- og orkustofnun hefur nýlega gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats og má nálgast þær á vefsíðu stofnunarinnar.²

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Hrönn G. Guðmundsdóttir

² https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/?_gl=1*1jxvpfp*_ga*MTA3MTczOTEyNy4xNzE5ODMwMzQ0*_ga_9DDCYHZBX6*MTc0NjIwNjEwOS4zMjI4wLjE3NDYyMDYxMTIuMC4wLjA.



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 30.4.2025

Málsnúmer: 202504-0003

IAS

Efni: Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði. Matsáætlun.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dagsett 2. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun fyrir dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði.

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem myndast framan við sjávarfallaósa og eru mikill áhrifaþáttur í siglingum á svæðinu. Fyrirhugað dýpkunar- og losunarsvæði er utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga. Fyrirhuguð framkvæmd felur annars vegar í sér dýpkun og hins vegar efnislosun í sjó. Vegagerðin vinnur nú að langtímaáætlun sem felur í sér dýpkun með efnismagnið á bilinu 0 – 1.000.000 m³ á ári. Samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að áætlunin geri góða grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfispætti sem matið á að taka til eða fyrirhugaðri gagnaöflun.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

30. apríl 2025
UOS2504040/R.S.

Umsögn við matsáætlun vegna dýpkunar á Grynnslnum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar til Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 2. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar við matsáætlun vegna máls nr. 468/2025 í Skipulagsgátt; dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði.

Framkvæmdarlýsing

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun á siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós, en þar eru sandrif sem eru mikill áhrifaþáttur í siglingum á svæðinu. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér dýpkun og efnislosun í sjó, en fyrirhugað efnismagn við dýpkun er á bilinu 0 – 1.000.000 m³ á ári eða samtals 5.000.000 m³ til 10 ára.

Leyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að til viðbótar þeim leyfum sem talin eru upp í kafla 3.2 í matsáætluninni er framkvæmdin háð starfsleyfi frá stofnuninni í samræmi við 1. mgr. 7. gr. í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en efnistakan fellur undir 112. lið í III. viðauka laga nr. 7/1998.

Valkostir

Í matsáætluninni kemur fram að framkvæmdin verði einungis borin saman við núllkost, sem felur í sér að ekki verði af framkvæmd. Umhverfis- og orkustofnun bendir að meta mætti þann valkost að nýta það efni sem tekið verður í dýpkunarframkvæmdinni stað þess að varpa því í hafið.

Stjórn vatnamála

Í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf að vinna mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem framkvæmdir getur mögulega haft áhrif á til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmd á vatnshlot sem finna má á vatn.is.¹

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir
Sérfræðingur

Gunnar Ólafsson
Sérfræðingur

¹ <https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2025
Tilvísun: 2504013/0.7.2

Efni: Kynning matsáætlunar vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 2. apríl 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands vegna máls nr. 468/2025 í Skipulagsgátt, kynning matsáætlunar vegna áforma um dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós.

Meðal hlutverka Landhelgisgæslu Íslands er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafinu og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, tilkynningar til sjófarenda, björgunarþjónustu og aðstoð við almannavarnir. Öryggi siglinga við landið er stofnuninni sem og öllum sjófarendum mikilvægt.


Landhelgisgæslan bendir á að huga ber sérstaklega að öryggi siglinga þegar framkvæmdir á haf- og strandsvæðum eru fyrirhugaðar. Að mati stofnunarinnar væri ákjósanlegast að áhættumat siglingaöryggis fari fram sem fyrst í ferli sem þessu og að tekið sé tillit til niðurstöðu slíks áhættumats við umhverfismat framkvæmdarinnar. Við áhættumat siglingaöryggis ætti að taka til skoðunar hvort fyrirhuguð framkvæmd trufla siglingar eða valdi siglingahættu. Leiði áhættumat siglingaöryggis í ljós að fyrirhuguð framkvæmd hafi neikvæð áhrif á öryggi sjófarenda þarf að huga að mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum áður en ráðist er í fyrirhugaðar framkvæmdir.

Landhelgisgæslan telur rétt að staðsetning losunarsvæðis sé valin með tilliti til þess að efni berist ekki með straumum aftur upp að ósnum. Einnig að tryggt sé að dýpi á losunarsvæði sé nægjanlegt til að efni sem safnast upp muni ekki hafa neikvæð áhrif á siglingar yfir svæðið og að dýpi verði reglulega mælt á losunarsvæði svo unnt sé að tilkynna breytingar á dýpi í sjókort. Eins að framkvæmdasvæði á Grynnslnum og losunarsvæði verði skilgreind og hornpunktir svæðanna verði sendir til sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar sem upplýsir sjófarendur með Tilkynningum til sjófarenda.

Mikilvægt er að tilkynningar varðandi framkvæmda- og losunarsvæði berist til sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar Landhelgisgæslu Íslands til að upplýsingarnar komist til sjófarenda og í sjókort. Ákjósanlegt er að nota pósthafið sjókort@lhg.is.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að eiga fund með Skipulagsstofnun til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigríður Skaftadóttir
Lögfræðingur

